

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarsjóð gigtsjúkra.

1. gr.

Styrktarsjóður gigtsjúkra er eign Gigtarfélags Íslands, settur á fót að frumkvæði fjögurra kvenna (L.K. klúbbsins). Heimili og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja gigtsjúka, einkum unga gigtsjúklinga.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er minningargjöf L.K. klúbbsins til Gigtarfélags Íslands að fjárhæð kr. 500 000,00 til minningar um látinn félagi klúbbsins, Þorbjörgu Björnsdóttur, sem bjó að Hvassaleiti 38 í Reykjavík, en Þorbjörg starfaði að líknar- og mannúðarmálum í fjölmörg ár.

4. gr.

Stofnfé sjóðsins, auk verðbóta, má aldrei skerða, en vöxtum, gjöfum, áheitum og öðrum tekjum, sem sjóðnum kann að áskotnast, skal varið í samræmi við tilgang sjóðsins, sbr. 2. gr. hér að framan.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn og þrír til vara, svo sem hér segir: Formaður stjórnar sjóðsins og varamaður hans skulu tilnefndir af stjórn Gigtarfélags Íslands að fenginni umsögn L.K. klúbbsins til fimm ára í senn. Í aðalstjórn sitja einnig formenn Gigtarfélags Íslands og Gigtarsjúkdómafélags íslenskra lækna á hverjum tíma og til vara varaformenn Gigtarfélags Íslands og Gigtarsjúkdómafélags íslenskra lækna, sem taka sæti í stjórninni í forföllum formanna í félögum sínum.

Aðalfundur Gigtarfélags Íslands hefur æðsta vald í málefnum sjóðsins. Stjórn Gigtarfélags Íslands ber ábyrgð á fjárvörslu.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skal auglýsa styrki úr sjóðnum, þegar hún telur að styrkur þaðan geti numið þeirri fjárhæð að líklegt sé að hann geti orðið væntanlegum styrkþega eða styrkþegum til nokkurs velfarnaðar.

7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

Reikninga sjóðsins skal endurskoða af löggiltum endurskoðanda og leggja þá fyrir aðalfund Gigtarfélags Íslands til afgreiðslu.

8. gr.

Sjóðurinn verður ekki lagður niður né skipulagsskrá hans breytt nema með samþykki aðalfundar Gigtarfélags Íslands og skulu tillögur þar að lútandi sæta sömu meðferð og tillögur til breytinga á lögum Gigtarfélags Íslands. Verði sjóðurinn lagður niður skulu eignir hans ganga til Gigtarfélags Íslands.

9. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 26. mars 1990.

F. h. r.

Borsteinn Geirsson.

Fanneý Óskarsdóttir.

REGLUGERÐ**um (2.) breytingu á mengunarvarnareglugerð nr. 386/1989**

1. gr.

1.1. verði svohljóðandi:

Reglugerð þessi nær til allrar mengunar ytra umhverfis, svo og allrar starfsemi og framkvæmda, sem haft geta í för með sér slíka mengun. Undanþegin er þó starfsemi og framkvæmd sem fellur undir lög um varnir gegn mengun sjávar nr. 32/1986, reglur um varnir gegn óhreinun sjávar af völdum olíu nr. 8/1971, reglur um varnir gegn olíumengun sjávar við olfubirgðastöðvar nr. 560/1982, reglugerð um öryggisráðstafanir gegn jónandi geislun nr. 356/1986 og lög um aðbúnað og hollustuhætti á vinnustöðum nr. 46/1980.

2. gr.

9.3. verði svohljóðandi:

Ef aðili sinnir ekki fyrirætlum heilbrigðisnefndar innan tiltekins frests, getur hún ákveðið honum dagsektir allt að kr. 100 000 á dag þar til úr er bætt.

3. gr.

Við 1. tl. í ákvæði til bráðabirgða bætist svohljóðandi málsliður:

Sama gildir um atvinnurekstur skv. viðauka 9, sem heilbrigðisnefnd veitir starfsleyfi.

4. gr.

2. tl. í viðauka 7 verði svohljóðandi:

2. Olíumalar- og malbikunarstöðvar.

5. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með heimild í 3. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 26. mars 1990.

Guðmundur Bjarnason.

Páll Sigurðsson.